

170. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 30. apríl 2009, kl. 10:00 að Austurvegi 56

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Formaður leggur fram endurskoðaða fjárhagsáætlun sem tekur í meginatriðum mið af tillögum fjárhagsnefndar SASS. Örn og Ólafur styðja tillöguna en Ragnheiður sat hjá og lagði fram eftirfarandi bókun. „Undirrituð situr hjá við afgreiðslu tillögu formanns þar sem hún uppfyllir ekki veigamikinn þátt úr tillögu fjárhagsnefndar SASS en undirrituð er formaður þeirrar nefndar. Í tillögu þeirri sem hér liggur frammi frá formanni stjórnar SOS er ekki tekið á tillögu fjárhagsnefndar um að leitað verði samkomulags við starfsmenn sem hafa laun yfir 350 þús. á mánuði um tímabundna lækkun um 5-7,5 % frá 1. maí 2009 til 31. desember 2009.“

2. Gjaldskrárbreyting.

Samþykkt framlögð tillaga um 5 % hækkun gjaldskrár SOS frá 1. maí 2009.

3. Umhleðslu- og flokkunarstöð.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

4. Málefni Förgunar ehf.

Framkvæmdastjóra falið að fara með atkvæði SOS á aðalfundi Förgunar 11. maí n.k.

5. Svæðisáætlun – Bréf frá verkefnisstjórn.

Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál

- a) Tölvupóstur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Málið rætt.
- b) Fundargerð verkefnisstjórnar. Lögð fram til kynningar.
- c) Gas. Málið kynnt.
- d) www.blatunna.is . Blátunnuverkefnið í Ölfusi fer vel af stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:00